

Uppgjör HB Granda hf. á fyrsta ársfjórðungi 2017

- Rekstrartekjur samstæðunnar voru 42,0 m€
- EBITDA var 7,4 m€ (17,6%)
- Hagnaður tímabilsins var 3,7 m€
- Handbært fé frá rekstri nam 4,1 m€

Ársfjórðungsyfirlit - Lykiltölur					
í þúsundum evra	F1 2017	F4 2016	F3 2016	F2 2016	F1 2016
Seldar vörur	41.996	48.699	57.215	51.285	43.951
Kostnaðarverð seldra vara	(33.111)	(41.825)	(35.971)	(41.358)	(30.186)
Vergur hagnaður	8.885	6.874	21.244	9.927	13.765
Aðrar tekjur	1.139	0	0	0	0
Útflutningskostnaður	(1.889)	(2.729)	(3.319)	(2.720)	(2.457)
Annar rekstrarkostnaður	(3.195)	(3.827)	(2.425)	(2.428)	(2.561)
Bakfærð virðisryrnun	0	0	0	0	0
Rekstrarhagnaður	4.940	318	15.500	4.779	8.747
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(463)	(465)	(1.239)	(373)	(318)
Áhrif hlutdeildarfélags	518	1.500	1.240	2.962	(1.212)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	4.995	1.353	15.501	7.368	7.217
Tekjuskattur	(1.280)	(284)	(2.832)	(506)	(1.592)
Hagnaður tímabilsins	3.715	1.069	12.669	6.862	5.625
EBITDA	7.377	4.136	19.177	8.561	12.401

Rekstur fyrstu þriggja mánaða ársins 2017

Rekstrartekjur HB Granda hf. á fyrsta ársfjórðungi ársins 2017 námu 42,0 m€, samanborið við 44,0 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 7,4 m€ eða 17,6% af rekstrartekjum, en var 12,4 m€ eða 28,2% árið áður. Þann 14. desember 2016 hófst verkfall sjómanna sem leystist ekki fyrr en 18. febrúar 2017. Eftir það hófst snörp og stutt loðnuvertíð, þar sem skip félagsins veiddu um 26.800 tonn. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 0,5 m€, en voru neikvæð um 0,3 m€ á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarfélags voru jákvæð um 0,5 m€, en voru neikvæð um 1,2 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 5,0 m€ og hagnaður tímabilsins var 3,7 m€.

Uppgjör HB Granda hf. á fyrsta ársfjórðungi 2017

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 476,9 m€ í lok mars 2017. Þar af voru fastafjármunir 386,8 m€ og veltufjármunir 90,1 m€. Eigið fé nam 253,5 m€, eiginfjárhlutfall í lok mars var 53,2%, en var 55,6% í lok árs 2016. Heildarskuldir félagsins voru í marslok 223,4 m€.

Efnahagsreikningur 31.03.2017 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	31.03.2017	31.12.2016
Fastafjármunir	386.758	372.601
Veltufjármunir	90.141	77.447
Eignir samtals	476.899	450.048
Eigið fé	253.472	250.102
Langtímaskuldir	141.671	126.334
Skammtímaskuldir	81.756	73.612
Eigið fé og skuldir samtals.....	476.899	450.048

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 4,1 m€ á tímabilinu, en nam 6,2 m€ á sama tíma fyrra árs. Nettó fjárfesting í rekstrarfjármunum nam 3,1 m€ og fjárfesting vegna nýrra skipa nam 13,3 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 14,9 m€. Handbært fé hækkaði því um 2,6 m€ á tímabilinu og var í lok mars 10,0 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur		
í þúsundum evra	2017	2016
	1.1.-31.03.	1.1.-31.03.
Handbært fé frá rekstri	4.127	6.205
Fjárfestingarhreyfingar	(16.426)	(7.716)
Fjármögnunarhreyfingar	14.941	3.559
Lækkun á handbæru fé.....	2.642	2.048
Handbært fé í lok tímabilsins.....	9.976	13.252

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrsta ársfjórðungs 2017 (1 evra = 118,7 kr) verða tekjur 5,0 milljarðar króna, EBITDA 0,9 milljarður og hagnaður 0,4 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 31. mars 2017 (1 evra = 120,4 kr) verða eignir samtals 57,4 milljarðar króna, skuldir 26,9 milljarðar og eigið fé 30,5 milljarðar.

Skipastóll og afli

Skipafloiti félagsins var óbreyttur frá áramótum.

Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2017 var afli skipa félagsins 7,1 þúsund tonn af botnfiski og 26,8 þúsund tonn af uppsjávarfiski.



Uppgjör HB Granda hf. á fyrsta ársfjórðungi 2017

Kynningarfundur þann 1. júní 2017

Opinn kynningarfundur um afkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi verður haldinn fimmtudaginn 1. júní klukkan 8:30 í Borgartúni 19 á Kauphallardögum Arion banka. Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum.